

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014, Núpar, Fljótshverfi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 1. desember 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014, frá 26. mars 2003.

Breytingin felst í því að landbúnaðarsvæði á jörðinni Núpum í Fljótshverfi breytist í verslunar- og þjónustusvæði þar sem gert er ráð fyrir allt að 80 gistirýma hóteli.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skaftárhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 1. desember 2006.*

**Jónína Bjartmarz.**

\_\_\_\_\_  
*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 5. desember 2006